



Félag löggiltra endurskoðenda

## Mat á virði fyrirtækja

<b>Ætlað:</b>	Opið öllum
<b>Leiðbeinendur:</b>	<b>Erlendur Davíðsson</b>
<b>Staður:</b>	Grand Hótel
<b>Tími:</b>	Fimmtudagur 14. apríl kl. 13:00-16:00
<b>Einingar:</b>	Þrjár endurmenntunareiningar í flokknum Reikningsskil og fjármál
<b>Verð:</b>	18.000 fyrir félagsmenn og 23.000 fyrir aðra. Námsgögn innifalin. Athugið að námsgögn verða ekki gerð aðgengileg á vef FLE.
<b>Skráning:</b>	Skráning á vefsíðu FLE

### Námskeiðslýsing:

Farið verður yfir helstu virðismatsaðferðir fyrirtækja, þar sem sérstök áhersla verður lögð á frjálst fjárstreymi til fyrirtækis (e. Free Cash Flow to Firm, FCFF), hagrænan hagnað (e. Economic Profit Model, EP) og kennitölumargfeldi (e. Multiples). Einnig verða önnur virðismatslíkön kynnt s.s. virðismat í skuldsettri yfirtöku (e. Leveraged Buyout Model), leiðrétt núvirði (e. Adjusted Present Value Model, APV), frjálst fjárstreymi til eigin fjár (e. Free Cash Flow to Equity, FCFE), upplausnarverði (e. Liquidation value) og endurfjárfestingarvirði (e. Replacement Value).

Undir lokin verður farið yfir helstu þætti sem líta ber til við greiningu á fortíðarafkomu, spár um framtíðarafkomu og mat á lokavirði. Farið verður yfir helstu virðisrekla fyrirtækja (e. key value drivers) og söguleg leitni slíkra þátta skoðuð. Einnig verður farið yfir endurröðun reikningsskila þannig að þau endurspegli betur raunverulega virðissköpun fyrirtækja.

**Markmiðslýsing:** Að loknu námskeiðinu ættu þátttakendur að:

- Þekkja til helstu virðismatsaðferða
- Þekkja til helstu þátta sem líta ber til við virðismat fyrirtækja
- Geta nýtt sér endurröðun reikningsskila
- Þekkja helstu virðisrekla fyrirtækja

### Um leiðbeinandann



**Erlendur Davíðsson**, sérfræðingur hjá fyrirtækjaráðgjöf Arion banka. Erlendur hefur verið stundakennari hjá Háskóla Íslands og Endurmenntun Háskóla Íslands undanfarin ár og hefur m.a. kennt námskeiðið virðismat fyrirtækja. Erlendur er með B.Sc. gráðu í hagfræði og M.Sc. gráðu í fjármálum fyrirtækja frá HÍ.